

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjálfseignarstofnunina Sólheima í Grímsnesi.

1. gr.

Stofnunin er sjálfseignarstofnun og heitir Sólheimar. Heimili og varnarþing er Grímsnes-hreppur í Árnessýslu.

2. gr.

Eignir stofnunarinnar eru Sólheimar í Grímsnesi, sem barnaheimilisnefnd Þjóðkirkjunnar og Sesselja Sigmundsdóttir stofnsettu, þ.e. jörðin Hverkakot ásamt húsum öllum og mannvirkjum, búpeningi, tækjum, innanstokksmunum og öðru því sem þessari stofnun tilheyrir auk þess sem hún síðar kann að eignast fyrir gjöf eða á annan hátt. Á eignunum hvíla þær skuldir sem stofnað hefur verið til vegna heimilisins.

Um framlög úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til uppbyggingar heimilisins skal gerður eignaskiptasamningur í samræmi við reglugerð nr. 328 frá 1986 um stofnkostnað skv. lögum um málefni fatlaðra nr. 41/1983.

3. gr.

Tilgangur Sólheima er að starfrækja heimili, þjónustumiðstöð og verndaða vinnustaði fyrir fatlaða þar sem þeim er veitt þjálfun og leiðsögn með það að markmiði að gera þeim kleift að lifa eðlilegu lífi og hasla sér völl í samfélaginu þar sem þeim vegnar best.

Ennfremur að reka heilsuhæli, endurhæfingarstöð, gróðrarstöð, garðyrkjustöð, verslun og aðra slíka starfsemi, ýmist með beinum hætti eða aðild að sjálfstæðum rekstrarfélögum.

Sólheimum er heimilt að koma upp og reka félagslegar íbúðir.

Styrktarsjóður Sólheima hefur sjálfstæðan fjárhag og starfar samkvæmt sérstakri skipulagsskrá.

4. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal sjá um að heimilið sé rekið í samræmi við gildandi lög um málefni fatlaðra og að þær hefðir sem skapast hafa í rekstri heimilisins séu í heiðri hafðar.

5. gr.

Sjálfseignarstofnuninni stjórnar fulltrúaráð, skipað 21 fulltrúa, sem prestastefna tilnefni. Falli einhver fulltrúanna frá, eða hverfi úr ráðinu af öðrum ástæðum, skal prestastefna skipa fulltrúa í hans stað að fengnum tillögum fulltrúaráðsins.

6. gr.

Úr hópi fulltrúaráðsmanna skal kjósa framkvæmdastjórn skipaða 5 mönnum til eins árs í senn. Stjórnarformann skal kjósa sérstakri kosningu. Endurkjósa má stjórnarmann.

7. gr.

Fulltrúaráðið skal koma saman til fundar eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Framkvæmdastjórn boðar fulltrúaráð til fundar. Fyrir ráðið skal leggja til staðfestingar fjárhagsáætlun sjálfseignarstofnunarinnar svo og ársreikninga hverju sinni.

Fyrir fulltrúaráðið skal ennfremur leggja allar þær meiriháttar ákvarðanir um rekstur stofnunarinnar, sem framkvæmdastjórn telur nauðsynlegt að bera undir ráðið, eða a.m.k. 7 fulltrúaráðsmenn óska skriflega eftir að tekið sé fyrir á ráðsfundi.

Fulltrúaráðið ræður löggiltan endurskoðanda til þess að endurskoða reikninga heimilisins.

Fulltrúaráðið kýs 2 menn úr sínum hópi sem endurskoðendur.

Fulltrúaráðið sendir prestastefnu ársskýrslu.

8. gr.

Framkvæmdastjórn ræður forstöðumann til að annast daglegan rekstur heimilisins og stjórnun þess og setur honum erindisbréf.

Eigi má veðsetja jörð og hús fyrir nýjum lánum nema með fullu samþykki framkvæmdastjórnar og dómsmálaráðuneytisins, sbr. 5. gr. laga nr. 19/1988.

Eigi má binda eignir stofnunarinnar nokkrum veðböndum eða skuldbindingum, sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

9. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari og ákvörðun um að hætta rekstri heimilisins skulu samþykktar af 2/3 hluta allra fulltrúaráðsmanna og staðfest af prestastefnu.

Verði heimilið lagt niður skal prestastefnu falið að verja eignum þess í þágu fatlaðra eða annarrar starfsemi í þágu þjóðkirkjunnar.

Styrkir úr Framkvæmdasjóði fatlaðra eru endurkræfir í samræmi við gildandi lög verði heimilið lagt niður eða starfsemi þess breytt.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir sjálfseignarstofnunina Sólheima í Grímsnesi frá 30. mars 1987, sem jafnframt fellur úr gildi.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. janúar 1993.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.